



13. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026

5. janúar 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Ívar Hauksson (ÍH) og Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Brekknaás 9

Fyrir fundinum liggur leigusamningur vegna Brekknaás 9. Leigutaki er félag á vegum Friðfinns og Tóta. EG er falið að skrifa undir leigusamning við leigutaka.

3. Uppgjör nóvember 2025

EBITDA hagnaður félagsins er 9,3 milljónir kr. janúar - nóvember og er það um 6,3 milljóna kr. betri afkoma en áætlun félagsins gerði ráð fyrir. RÁS og HS leggja til að 2 milljónir kr. verði greiddar inn á lán félagsins hjá Íslandsbanka þar sem afkoma ársins verður mun betri en áætlað var. Mun þá lánið standa í 7,2 milljónum kr. eftir þessa aðgerð. Leggur HS til að um 3 - 4 milljónir kr. verði lagðar inn á ávöxtunar reikning félagsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

a. Þjálfarastefna

Fyrir fundinum liggur þjálfarastefna félagsins, sem hefur verið yfirfarin af HS, EG og VFS sem yfirþjálfara félagsins. Í henni er lagt til að gerðar verði þær kröfur að þjálfarar og yfirþjálfari félagsins séu á lista LH og FEIF um virka reiðkennara og leiðbeinendur. Einnig er gerð sú krafa að þjálfarar félagsins sinni símenntun og endurmenntun sem er í boði er, a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Flestir þjálfarar félagsins eru nú þegar á þessum lista að nokkrum undantekningum. Í tilfelli fjögurra þjálfara vantar líklega endurmenntun og er það lagt til við stjórn að þessir aðilar fái frest út árið 2026 til að sinna endurmenntun og komast þannig á fyrrgreindan lista. Fjórir þjálfarar eru ekki með virk réttindi og verða þau hvött til að sækja sér slík réttindi eftir því sem við á. Einn þjálfari er ranglega skilgreindur í listanum og verður það lagfært. LH mun ekki gera athugasemdir við að félagið hafi að störfum þjálfara án réttinda en mælir með því að þjálfarar hafi gild réttindi. Ekki verður gerð athugasemd við að þessir fjórir þjálfarar án réttinda þjálfu fyrir félagið en mælt er með því að þeir sem geti náð sér í réttindi. Nýir þjálfarar sem þjálfu fyrir félagið þurfa að hafa gild réttindi.

HS leggur til að félagið taki myndir af þjálfurum sínum og setji fram á vefsíðu sinni lista yfir þjálfara á vegum félagsins þar sem þeir geti haft stutt "Bio". Þjálfarar sem eiga eftir að uppfylla skilyrði um endurmenntun fá sig á vefsíðuna þegar við höfum fengið staðfestingu frá LH um endurmenntun.

Yfirþjálfari ber ábyrgð á því að gera skriflegan samning við þjálfara og þurfa HS og EG að setja upp slíkan samning sem fyrst.

Þjálfarastefna er samþykkt samhljóða.

b. Fjármálastefna

Fyrir fundinum liggur fjármálastefna félagsins. HS fer yfir hana. Máli frestað til næsta eða þarnaesta fundar.

i. Afreks- og styrktarsjóður - Stofnframlag 10% af EBITA hagnaði félagsins 2025

HS leggur þá hugmynd fyrir stjórn félagsins hvort stofna eigi afrekssjóð til að styrkja börn, unglinga og ungmenni í íþróttinni. Mikill þrýstingur er um alls kyns styrki úr sjóðum félagsins en verði látið undan öllum þeim þrýstingi færu fjármál félagsins fljótt í ógöngur. Hins vegar hefur HS dottið í hug hvort að félagið ætti að stofna afrekssjóð sem hægt væri að sækja um styrki til fyrir æfingar- og keppnisgjöldum afreksskapa í yngri flokkum.

HS sýnir stjórn starfsreglur afrekssjóðs Ármanns sem gæti verið góð fyrirmynd að regluverki fyrir slíkan sjóð. Stofnframlag væri 10% af hagnaði ársins sem gæti orðið allt að 900 þ.kr. Hægt væri að hafa síðan í fjármálastefnu reglur um árlega úthlutun í sjóðinn verði hagnaður af rekstri félagsins, t.d. 5% - 10% af hagnaði eftir stofnun sjóðsins. Stofnuð yrði úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn og úthlutað yrði úr honum á uppskeruhátíð félagsins fyrir yngri flokka.

HS leggur fyrir stjórn hvort bæta eigi við klausu um afrekssjóð í fjármálastefnu félagsins og hvort HS og EG verði falið að semja starfsreglur sjóðsins og koma með á næsta eða þar næsta fund stjórnar.

5. Félagsjakkar og fatnaður

Umræður um félagsjakkar og fatnað. Ákvörðun um þjónstuaðila frestað til næsta fundar.

6. Samstarfssamningur við Eiðföxa

Milli funda var samþykktur samningur við Eiðföxa í tölvupóst samskiptum og er hann hér formlega lagður fyrir stjórn til samþykktar.

7. Þorablót

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir þorablót félagsins og er mikilvægt að allir leggist á vagninn við að fá fólk til að mæta á viðburðinn.

8. Önnur mál

a. Tillaga Framsóknarflokksins um lífrænan úrgang

Framsóknarflokkurinn lagði fyrir umhverfis- og skipulagsráð tillögu um vinnslu lífræns úrgangs, þ.m.t. hrossataðs. HS var í sambandi við fulltrúa Framsóknarflokksins og hann mun fylgja þessu verkefni eftir innan borgarkerfisins. HS mun fylgja þessu eftir með samtölum við þennan borgarfulltrúa en

málið er á algjöru byrjunarstigi inni í borgarkerfinu.

b. Almannadalur 9

HS fékk sendar myndir um hátíðirnar af umgangi í Almannadal 9 og sýnir stjórnarmönnum myndirnar. Myndirnar hafa verið sendar inn á umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og einnig til byggingarrétthafa lóðarinnar.

Fundi var slitið kl. 18:10.